

Reglur um fjárhagsaðstoð hjá Suðurnesjabæ
sbr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga,
nr. 40/1991, með síðari breytingum.

I. kafli
Almenn atriði

1. gr.
Inntak fjárhagsaðstoðar

Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, sbr. III. kafla reglna þessara. Á grundvelli samnings sinnir Félagsþjónusta Suðurnesjabæjar þjónustu við íbúa Sv. Voga samkvæmt reglum þessum.

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna eða óvæntra áfalla sbr. IV. kafla reglna þessara.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna, sérstaklega út frá þörfum barna í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum sbr. 17. gr. þessara reglna.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði fjölskyldu- og velferðarráðs, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

2. gr.
Framfærsluskylda

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Fólk sem er í skráðri sambúð í Þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í Þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

3. gr.
Skilyrði fjárhagsaðstoðar

Umsækjanda um fjárhagsaðstoð er skylt að leita sér að atvinnu og taka vinnu sem býðst nema að veikindi, örorka, háar aldur eða aðrar gildar og sannanlegar ástæður hamli því. Fjárhagsaðstoð skal veitt fólki í tímabundnum erfiðleikum og er hugsuð sem aðstoð við einstaklinga og fjölskyldur til að mæta grunnþörfum þeirra.

Þeir sem sækja um fjárhagsaðstoð þurfa að hafa fullnýtt rétt sinn annars staðar.



SUDURNESJABÆR

Umsækjanda í atvinnuleit er skylt að mæta á bæjarskrifstofur í lögheimilissveitarfélagi vikulega og skrá sig. Skrái umsækjandi sig ekki vikulega, án viðhlítandi skýringar missir hann bótarétt fyrir þá viku.

4. gr. Réttur fylgir lögheimili

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

5. gr. Form fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna, sbr. 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Lán kemur eingöngu til afgangsliggja fyrir samkomulag um endurgreiðslu.

Einstaklingar sem bíða eftir endurmati á endurhæfingarlífeyri eða örorkumati frá Tryggingastofnun ríkisins geta sótt um fjárhagsaðstoð í formi láns. Þegar viðkomandi umsækjandi hefur fengið bætur greiddar aftur í tímamótum frá Tryggingastofnun ríkisins, ber honum að endurgreiða lánið til baka með eingreiðslu. Ef aðstæður eru þannig er þó hægt að semja um annað fyrirkomulag. Lán eru vaxtalaus. Ef í ljós kemur að umsækjandi eigi ekki rétt á endurhæfingarlífeyri eða örorku frá Tryggingastofnun getur umsækjandi sótt um að láninu verði breytt í styrk.

Fjárhagsaðstoð telst til skattskyldra tekna. Um frádrátt staðgreiðslu vísast til laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Umsækjandi skal upplýsa félagsþjónustu eða launadeild sveitarfélags um hvernig skal ráðstafa persónuafslátti áður en fjárhagsaðstoð er greidd út.

Félagsþjónustunni er heimilt að greiða niður hluta launakostnaðar í samþykktum atvinnuúrræðum ef fyrir liggur samkomulag félagsþjónustu, vinnuveitanda og umsækjanda um slíkt fyrirkomulag.

6. gr. Tímabil samþykkis hverju sinni

Réttur til fjárhagsaðstoðar skapast í þeim mánuði sem sótt er um aðstoð. Fjárhagsaðstoð er að jafnaði ekki greidd aftur í tímamótum, jafnvel þó umsækjandi hafi átt rétt á aðstoð en ekki leitað hennar. Réttlæti rökstuddar ástæður aðstoð aftur í tímamótum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð allt að fjóra mánuði aftur í tímamótum sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Skilyrðum fjárhagsaðstoðar verður að vera fullnægt allt það tímabil sem sótt er um. Eigi umsækjandi rétt á fjárhagsaðstoð telst umsókn ekki gild fyrr en öll gögn hafa borist. Gögn þurfa að berast innan 30 daga frá dagsetningu umsóknar annars telst umsóknin ógild.

Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjá mánuði. Þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og ljóst er að aðstæður



SUÐURNESJABÆR

hans muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn. Hafi umsækjandi fengið fjárhagsaðstoð eða atvinnuleysisbætur í þrjá mánuði eða lengur skal hann, í samvinnu við starfsmann, fara sérstaklega yfir fjármál heimilisins með hagræðingu fjárhagsskuldbindinga og áætlun um hvernig vinna megi bug á vandanum að markmiði.

Mál þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en sex mánuði skulu könnuð sérstaklega, félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga .

Umsækjandi þarf að endurnýja umsókn sína þegar samþykki fjárhagsaðstoðar rennur út ef þörf er á áframhaldandi fjárhagsaðstoð.

II. kafli

Umsókn um fjárhagsaðstoð

7. gr.

Umsókn og fylgigögn

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram með rafrænum hætti á island.is. Umsókn getur einnig verið lögð fram á pappírformi hjá félagsþjónustu Suðurnesjabæjar, undirrituðu af umsækjanda sem þá skal framvísa gildu persónuskilríki með mynd. Ef um umsókn á papírformi á við skal hún vera undirrituð og dagsett.

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal vera lögð fram í lögheimilissveitarfélagi umsækjanda. Í neyðartilfellum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi, sbr. 4. gr.

Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri, upplýsingar um skráningu í nám ásamt nákvæmum upplýsingum um tekjur og eignir.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa staðfestingu frá Vinnumálastofnun er staðfestir að hann eigi ekki bótarétt hjá þeim. Telji umsækjandi sig óvinnufæran skal hann framvísa læknisvottorði.

Hafi umsækjandi ekki skráð sig hjá vinnumiðlun, án viðhlítandi skýringa, hefur það áhrif á fjárhæð, sbr. 3. gr. þessara reglna. Umsækjandi getur veitt skriflegt umboð til þess að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

Fylgigögn með umsókn um fjárhagsaðstoð:

1. Launaseðlar síðustu þriggja mánaða.
2. Greiðsluseðill síðustu þriggja mánaða, greiðsluáætlun frá Tryggingastofnun ríkisins eða yfirlit úr staðgreiðsluskrá.
3. Staðfestingu frá Vinnumálastofnun að umsækjandi eigi ekki bótarétt hjá þeim eða með hlutfall bótaréttar.
4. Síðasta skattframtal.
5. Ef viðkomandi telur sig óvinnufæran þarf að framvísa sjúkradagpeningavottorði.



SUDURNESJABÆR

6. Upplýsingar um aðrar tekjur, s.s. mæðra- og feðralaun, greiðslur úr atvinnuþryggingasjóði, frá verkalyðssjóðum, bönkum, lánastofnunum, opinberum sjóðum og hinu opinbera.
7. Þá þarf umsækjandi að mæta vikulega á bæjarskrifstofu í sínu lögheimilissveitarfélagi og staðfesta atvinnuleit sína og jafnframt að skrá sig á tilgert minnisblað sem umsækjanda er afhent er hann sækir um fjárhagsaðstoð.
8. Hafi umsækjandi nýlega slitið hjúskap eða sambúð, skal leggja fram vottorð sýslumanns því til staðfestu.

Heimilt er að synja umsókn um fjárhagsaðstoð ef umsækjandi neitar að veita upplýsingar um fjárhag sinn og/eða maka síns eða aðrar upplýsingar, sbr. 3. mgr. 7 gr. reglna þessara.

Hafi tilskilin gögn ekki borist innan 30 daga frá umsóknardegi telst umsókn ógild.

8. gr.

Upplýsingar um tekjur og fjárhag umsækjanda

Umsækjanda er skylt að mæta í viðtal til ráðgjafa félagsþjónustunnar þar sem kannaðar eru fjárhagslegar og félagslegar aðstæður. Jafnframt skal veita umsækjanda leiðbeiningar um málsmeðferð umsóknarinnar ásamt því að umsækjendur fái upplýsingar um ferli og vinnslu fjárhagsaðstoðar.

Starfsmenn félagsþjónustunnar geta, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum og Atvinnuleysistryggingasjóði. Skal það gert í samráði við umsækjanda. Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka stöðvast afgreiðsla umsóknar hans.

Skylt er að veita fjölskyldu- og velferðarráði upplýsingar úr skattframtölum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar. Sama gildir um upplýsingar úr skattframtölum lögskylds framfæranda, enda hafi umsækjandi veitt fjölskyldu- og velferðarráði og/eða starfsmönnum umboð til að afla þessara upplýsinga, sbr. 24. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Sé umsókn ófullnægjandi og henni fylgja ekki nauðsynleg gögn skal umsækjanda gerð grein fyrir því sem ábótavant er og honum gefinn kostur á að bæta úr því innan mánaðar. Sinni hann ekki þeim tilmælum eða neiti hann að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka fellur umsókn úr gildi.

III. kafli

Réttur til fjárhagsaðstoðar

Mat á fjárförf og útreikningur fjárhagsaðstoðar

9. gr.

Mat á fjárförf

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárförf til framfærslu, sbr. 10. gr., lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur, sbr. 11. gr.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.



SUÐURNESJABÆR

10. gr.

Grunnfjárhæð

Framfærsla barna ekki talin með

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri búsettum í Suðurnesjabæ eða Vogum getur numið allt að kr. 213.568.- á mánuði. Fjárhagsaðstoð til hjóna og fólks í skráðri sambúð búsettu í Suðurnesjabæ eða Vogum getur numið allt að kr. 349.772.- á mánuði. Fjárhagsaðstoð til einstaklinga sem búa í foreldrahúsum getur numið allt að kr. 76.373.- séu þeir búsettir í Suðurnesjabæ eða Vogum. Ef umsækjandi er ekki skráður í sambúð en deilir húsnæði með öðrum getur fjárhagsaðstoð til hans numið allt að kr. 165.194.- í Suðurnesjabæ og Vogum. Samhliða fjárhagsáætlunargerð hvers árs skal taka ákvörðun um grunnfjárhæð.

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á fjárþörf.

Fjárhagsaðstoð til þeirra sem hafna starfi eða virkniúrræðum skerðist í mánuðinum sem starfi er hafnað og mánuðinum á eftir, sem nemur hálfum kvarða.

Fjárhagsaðstoð til þeirra sem skrá sig ekki vikulega skerðist sem nemur þeirri viku. Alla jafna er fjárhagsaðstoð til framfærslu greidd mánaðarlega en heimilt er að greiða hana vikulega vegna sérstakra aðstæðna og/eða með vísan til einstaklingsmiðaðrar áætlunar.

11. gr.

Skerðing fjárhagsaðstoðar

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu, sagt starfi sínu lausu, eigi sjálfur sök á uppsögn eða hafi fyrirgert bótarétti sínum hjá Vinnumálastofnun án viðhlítandi skýringa er heimilt að skerða framfærslu um helming þann mánuð og mánuðinn þar á eftir.

Einnig skerðist réttur umsækjanda ef viðkomandi hafnar eða hefur hætt þátttöku á námskeiði, í átaksverkefni, endurhæfingu og/eða einstaklingsmiðaðri áætlun hjá ráðgjafa, nema veigamiklar ástæður mæli gegn því að mati ráðgjafa.

Komi neysluvandi umsækjanda í veg fyrir virkni á atvinnumarkaði er þátttaka í virkniáætlun með það að markmiði að vinna bug á neysluvandanum skilyrði fyrir veittri fjárhagsaðstoð.

12. gr.

Tekjur umsækjanda

Framfærsla barna ekki talin með

Allar tekjur umsækjanda og maka ef við á, í þeim mánuði er sótt er um og mánuðinum á undan, eru taldar með við mat á fjárþörf. Með tekjum er hér átt við allar tekjur og greiðslur til umsækjanda og maka, þ.e. atvinnutekjur, allar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins nema greiðslur með börnum, greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélagi, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv. og koma þær til frádráttar. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn af þegar laun eru dregin frá framfærslu.



SUDURNESJABÆR

Greiðslur vegna barna teljast ekki til tekna enda ekki reiknað með framfærslukostnaði vegna þeirra við mat á fjárþörf. Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar skal gera ráð fyrir að kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum og meðlögum. Einstaklingar yngri en 18 ára eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna við útreikning til framfærslu. Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsaleigubóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í *grunnfjárhæð*.

Ráði umsækjandi, maki hans eða sambýlingur yfir eignum umfram íbúðarhúsnæði og eina fjölskyldubifreið, lausafjármunum sem nýta má til framfærslu eða hafi hann nýlega selt eignir sínar og/eða hafi þ.a.l. handbært fé, skal honum vísað á fyrirgreiðslu banka eða aðrar viðeigandi lausnir, þó tekjur hans séu lægri en grunnfjárhæð.

13. gr. Greiðslur meðlags

Þegar tekjur umsækjanda eru við eða lægri en grunnfjárhæðin skal taka tillit til meðlagsgreiðslna með barni eða börnum sem umsækjandi hefur greitt með reglulega fram að þeim tíma að hann fær fjárhagsaðstoð. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir. Hækkar fjárhagsaðstoðin sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverjum tíma með hverju barni. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi leitast við að standa í skilum með meðlag a.m.k. undanfarna þrjá mánuði. Meðlagsgreiðslur skulu inntar af hendi beint og milliliðalaust af hálfu fjölskyldu- og velferðarráðs til Innheimtustofnunnar sveitarfélaga.

Sérákvæði

14. gr. Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hafa lægri tekjur en sem nemur *grunnfjárhæð*, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að þeir hafi stöðvað atvinnurekstur og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, sbr. og 4. mgr. 1. gr. reglna þessara.

Sé umsækjandi launþegi í hlutastarfi með tekjur undir *grunnfjárhæð* skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá vinnumiðlun og leiti að fullu starfi.

15. gr. Mat á tekjum bændna

Stundi umsækjandi búrekstur skal mat á tekjum byggt á skattframtali síðasta árs vegna umsókna, sem berast fyrir 1. júlí, en með umsóknum sem berast síðar skal einnig fylgja rekstrar- og efnahagsyfirlit uppfært til 30. júní sl. Þá liggja einnig fyrir greiðslumark búans, breytingar á bústofni, yfirlit yfir eignir og skuldir aðrar en þær er tengjast viðkomandi rekstri, auk tekna utan búans undanfarna tvo mánuði. Fjárþörf skal miða við grunnfjárþörf, sbr. 10. gr.



SUÐURNESJABÆR

16.gr. Námsmenn

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna eiga að öllu jöfnu ekki rétt á fjárhagsaðstoð til framfærslu. Sama á við um maka eða sambýlismann námsmanns, enda sé gert ráð fyrir framfærslu maka við útreikning námslána. Aðrir námsmenn eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð til framfærslu. Þó er fjölskyldu- og velferðarráði heimilt að veita námsmanni lán eða styrk til framfærslu sé það liður í einstaklingsmiðaðri áætlun hjá ráðgjafa, sem miðar að efnahagslega sjálfstæðu lífi þjónustunotanda og uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- a) Námið er ekki lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.
- b) Umsækjandi hefur ekki lokið grunnskóla eða framhaldsskóla.
- c) Sýnt er fram á að fyrirhugað nám sé mikilvægur liður í því að styðja notanda til sjálfshjálpar við að vinna bug á vanda sínum og styrkja stöðu sína til framtíðar.
- d) Um sé að ræða einstakling sem ekki hefur tök á að vinna með skóla og fyrir liggur mat á því að ef ekki komi til aðstoðar sé ljóst að viðkomandi flosni upp úr námi.
- e) Miðað skal við að námið leiði til þess að nemandi fái starfsréttindi eða geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna
- f) Notandi samþykkir að vera í samvinnu um að viðhalda lánstrausti sínu eða vinna að lausn fjárhagserfiðleika sinna með það að markmiði að öðlast lánstraust.

Samþykkt fjárhagsaðstoðar skv. þessari grein skal aðeins veitt fyrir eina önn í einu og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað að hámarki fimmtung grunnfjárhæðar á önn, skólagjöld sem miðast við gjaldskrá Fjölbrotaskóla Suðurnesja ásamt styrk til framfærslu sbr. grunnfjárhæð skv. þessum reglum. Ráðgjafi skal meta námsframvindu í hverju tilviki miðað við aðstæður hvers og eins og starfsmaður og námsmaður skulu gera með sér samkomulag um félagslega ráðgjöf á styrktímabilinu. Nemandi skal leggja fram yfirlit yfir skólasókn mánaðarlega og einkunnir í annarlok.

Heimilt er að veita styrk til virkniúrræðis ef það er liður í umfangsmeiri félagslegri aðstoð og umsækjandi hefur verið með fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur og það er mat ráðgjafa félagsþjónustunnar að úrræðið sé liður í að aðstoða einstaklinginn til að komast úr þeim aðstæðum sem hann er í. Virkniúrræðið þarf að vera til þess fallið að efla einstaklinginn til áframhaldandi uppbyggingar og aðstoða hann við að komast af fjárhagsaðstoð.

IV. kafli Heimildir vegna sérstakra aðstæðna

17. gr. Aðstoð til tekjulágra foreldra vegna barna á þeirra framfæri

a. Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárhagsaðstoð vegna sérstaka aðstæðna að undangengnu mati ráðgjafa. Tekjuviðmið er að öllu jöfnu grunnfjárhæð framfærslu undanfarna fjóra mánuði. Um er að ræða sérstaka aðstoð vegna barna, s.s. til að greiða daggæslu, skólamáltíðir, frístundaskóla, sumardvöl og/eða þátttöku barna í



SUDURNESJABÆR

proskandi félags- og tómstundastarfi. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni skal samsvara hálfu meðlagi á mánuði.

b. Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra að undangengnu mati ráðgjafa. Tekjuviðmið er að öllu jöfnu grunnfjárhæð framfærslu undanfarna fjóra mánuði. Styrkurinn skal miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni er varðar bókakostnað skal samsvara einu meðlagi á önn. Það sama gildir um skólagjöld.

c. Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki sem hafa börn á framfæri sínu og hafa fengið fjárhagsaðstoð samfellt í fjóra mánuði, sérstakan styrk vegna fermingar barna sinna. Skal fjárhæð styrksins með hverju barni samsvara tvöföldu meðlagi. Ef umsækjandi fær styrk frá öðrum stofnunum s.s. kirkjunni eða R.K.Í. skal hámarksstyrkur nema einu meðlagi. Styrkurinn greiðist gegn staðfestingu ábyrgðarmanns lífsskoðunarfélags á að barn hafi sótt undirbúningstíma vegna fermingar.

d. Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki sem fá fulla fjárhagsaðstoð í desembermánuði og hafa fengið fjárhagsaðstoð undanfarna fjóra mánuði sérstakan jólastyrk. Viðmiðunarmörk styrksins skal nema 15% af framfærslu viðkomandi að viðbættu hálfu meðlagi fyrir hvert barn.

18. gr

Fólk sem býr á áfangaheimili, í neyðarathvarfi eða á meðferðarheimili

Heimilt er að greiða dvalarkostnað fólks sem býr á áfangaheimili, í neyðarathvarfi eða á meðferðarheimili eigi fólk rétt á fjárhagsaðstoð sbr. III. kafla þessara reglna.

19. gr.

Greiðsla sérfræðiaðstoðar

A. Lán/styrkur til greiðslu tannlækninga.

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga, til einstaklinga sem hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu í lengri tíma, hafa átt við langvarandi atvinnuleysi að stríða, eru lífeyrisþegar eða hafa verið tekjulausir undanfarna sex mánuði eða lengur sé það liður í einstaklingsmiðaðri áætlun hjá ráðgjafa. Viðmiðunarmörk eru hámark helmingur grunnfjárhæðar eins mánaðar og greiðist aðeins einu sinni á ári. Kostnaðaráætlun tannlæknis skal fylgja með umsókn.

B. Lán/styrkur til greiðslu læknis- og lyfjakostnaðar.

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu læknis og lyfjakostnaðar til einstaklinga sem hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu í lengri tíma og sé það liður í einstaklingsmiðaðri áætlun hjá ráðgjafa. Hámark aðstoðar skal vera fjórðungur grunnfjárhæðar á ári.

C. Lán/styrkur til greiðslu sérfræðiaðstoðar

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá viðurkenndum fagaðilum til einstaklinga sem hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu í lengri tíma, einstaklinga sem hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða eða einstaklinga sem samkvæmt ráðgjafa hafa þörf fyrir áfallaúrvinnslu sé það liður í einstaklingsmiðaðri áætlun hjá ráðgjafa. Viðmiðunarmörk eru þriðjungur grunnfjárhæðar eins mánaðar.



SUDURNESJABÆR

20. gr. Útfararstyrkir

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðfest hefur verið að dánarbúið getur ekki staðið undir útför hins látna. Viðmiðunarmörk eru eins mánaðar grunnfjárhæðar.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk:

- Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna og eftirlifandi maka.
- Launaseðlar og greiðslufirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum.
- Staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks.
- Tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

Heimilt er að veita tekjulágu foreldri eða foreldrum fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns.

Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

Sótt er um á nafni og í lögheimilissveitarfélagi hins látna.

21. gr. Öryggishnappur

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð vegna öryggishnapps. Skilyrði er að umsækjendur hafi einungis tekjur frá Tryggingarstofnun ríkisins eða tekjur náí ekki grunnfjárhæð og þeir þurfi samkvæmt læknisvottorði öryggishnapp til að geta búið heima.

22. gr. Styrkur eða lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu

Heimilt er að gefa út ábyrgðaryfirlýsingu til tryggingar húsaleigu að hámarki 600.000 kr., til þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan. Aðstoð samkvæmt þessu ákvæði skal að hámarki veitt einu sinni á 12 mánaða tímabili.

Það sama gildir í þeim tilfellum sem umsækjandi hefur ekki fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan, en hefur til langs tíma glímt við margháttaðan húsnæðisvanda og mikla félagslega erfiðleika.

Umsækjandi skal leggja fram staðfestingu á því að hann eigi ekki kost á láni frá bönkum eða lánastofnunum.

Drög að húsaleigusamningi til a.m.k. þriggja mánaða skulu liggja fyrir áður en



SUÐURNESJABÆR

Ábyrgðaryfirlýsing er gefin út. Framvísa skal afriti af þinglýstum húsaleigusamningi þegar hann liggur fyrir eða staðfestingu á því að leigusamningur hafi verið skráður í húsnæðisgrunn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, sbr. 5. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994.

Heimilt er að veita leigutryggingu í formi láns í ákveðnum tilvikum og er það ákvörðun félagsþjónustunnar hverju sinni.

Þegar um lán er að ræða skal greiðsluáætlun fylgja með umsókn. Að jafnaði skal sérstakur húsnæðisstuðingur viðkomandi greiðast til félagsþjónustunnar þar til lánið er að fullu greitt. Verði gengið að lánaheimild samkvæmt reglum þessum skal greiða þá upphæð sem um ræðir samkvæmt umsókn beint til leigusala og krefja umsækjanda um greiðslu ábyrgðar.

Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykkisdegi

23. gr.

Aðstoð vegna sérstakra fjárhagserfiðleika

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk vegna sérstakra fjárhagserfiðleika, að uppfylltum öllum neðangreindum skilyrðum:

- a) Að fyrir liggja að búið sé að aðstoða viðkomandi að hagræða fjárhagsskuldbindingum sínum.
- b) Fyrir liggja yfirlit starfsmanns félagsþjónustunnar um fjárhagsstöðu umsækjanda.
- c) Fyrir liggja á hvern hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra.
- d) Umsækjandi eigi ekki ógreitt lán frá félagsþjónustu.

Viðmiðunarmörk aðstoðar jafngilda eins mánaðar fjárhagsaðstoð til framfærslu

24. gr.

Um fjárhagsaðstoð sem veitt er í formi láns

Þegar fjárhagsaðstoð er veitt í formi láns skal uppfylla öll skilyrði 23. gr. reglna þessara.

Auk þess skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

- a) Fyrir liggja mat á endurgreiðslugetu umsækjanda. Aðeins skal veita lán þegar ljóst er að umsækjandi muni geta staðið í skilum með afborganir af því.
- b) Umsækjandi veiti skriflegt samþykki fyrir reglulegri skuldfærslu fyrir afborgunum lánsins af reikningi sínum.
- c) Umsækjandi skal ekki hafa fengið afskrifað lán frá Suðurnesjabæ á síðustu 12 mánuðum.

Uppfylla skal ofangreind skilyrði þegar lán er veitt á grundvelli annarra ákvæða í reglum þessum.

Eigi er heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skulda við fjármálastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki eða smálánafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skattaskulda og sekta, né heldur til greiðslu skulda við einkaaðila. Þegar um lán er að ræða skal greiðsluáætlun fylgja umsókn.

Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykkisdegi.
Hámarkslánstími er sex ár.

Lán skal ekki veitt ef ljóst er að umsækjandi muni ekki geta staðið undir afborgunum af því.

Eigi er heimilt að veita lán ef umsækjandi er með lán frá sveitarfélaginu fyrir.

V. kafli **Málsmeðferð**

sbr. ákvæði stjórnýslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga

24. gr. **Könnun á aðstæðum**

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef starfsmönnum félagsþjónustunnar berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Starfsmenn félagsþjónustunnar skulu taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

25. gr. **Samvinna við umsækjanda**

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

26. gr. **Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum**

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn og fulltrúar í fjölskyldu- og velferðarráði kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

27. gr. **Leiðbeiningar til umsækjanda**

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið félagsþjónustunnar, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.



SUÐURNESJABÆR

28. gr. Niðurstæða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

29. gr. Ofgreiðsla bóta, rangar eða villandi upplýsingar.

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur félagsþjónustan endurkrafid viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar. Hafi bótaþegi ranglega fengið of háar bætur, fyrir of langt tímabil eða yfirleitt fengið hærri greiðslur en honum bar, skal hann endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var.

30. gr. Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn félagsþjónustunnar taka eftirfarandi ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskyldu- og velferðarráðs:

- Um það hvort umsækjendur uppfylli skilyrði I. og II. kafla reglna þessara.
- Um það hvort veita skuli fjárhagsaðstoð skv. III. kafla reglna þessara.
- Hvort veita skuli fjárhagsaðstoð skv. III og IV kafla ef umsækjandi uppfyllir skilyrði reglna

31. gr Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð

Þar sem starfsmenn félagsþjónustu hafa umboð til að taka ákvörðun um fjárhagsaðstoð skulu þeir kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að fjölskyldu- og velferðarráð fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur að öðru jöfnu fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til fjölskyldu- og velferðarráðs frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Fjölskyldu- og velferðarráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun fjölskyldu- og velferðarráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

32. gr. Málskotsréttur

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. Reglum þessum getur hann skotið afgreiðslu félagsþjónustunnar til fjölskyldu- og velferðarráðs Suðurnesjabæjar, Sunnubraut 4, og skal það gert skriflega innan 4 vikna frá því að umsækjanda berst vitneskja um synjun. Fjölskyldu- og velferðarráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt em unnt er. Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskyldu- og velferðarráðs til Úrskurðarnefndar velferðarmála: félagsþjónusta og húsnæðismál Katrínartúni 2, 105



SUÐURNESJABÆR

Reykjavík. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að tilkynning barst um ákvörðunina.

<https://www.urvel.is/malaflokkar/felagsthjonusta-og-husnaedismal/>

Reglur þessar voru uppfærðar í nóvember 2024.